

## Skýrsla tengiliðs Shetland sheepdog vegna 2022

Árið 2022 var líflegt í tegundinni okkar. 37 hvolpar voru skráðir úr 9 gotum hjá 7 ræktendum. Skráðir lifandi sheltiehundar teljast núna 152 samkvæmt minni bestu vitund. Af þeim eru einungis 5 blue merle og 8 tricolour, aðrir eru sable á litinn.

5 hundar kvöddu okkur, þar af tveir meistarar, þau ISCH Moorwood Aflame of Charm, Bella og CIB ISCH Moorwood Caribbean Night Copy, Moli. Moli feðraði 8 hvolpa um ævina, en lína hans var á góðri leið með að enda þegar sonur hans, Bláfelds Hvellur Neisti, var notaður á árinu, um 12 ára gamall.

Enginn inn- eða útflutningur var á árinu.

Af hundum eldri en eins árs eru helmingur með augnskoðun, sem er eina heilsufarskrafan á tegundina. Ég minni enn og aftur á mikilvægi þess að DNA prófa hundana fyrir Multi-Drug Restistance, MDR1, sem við vitum að finnst í tegundinni líkt og mörgum öðrum fjárhundum.

Það er áskorun að rækta góðan sheltie. Fyrir utan það hefðbundna sem allir ræktendur sækjast eftir, rétttri byggingu, góðum hreyfingum, fallegu höfði og svip, þá þurfa eyrun að vera rétt brotin. Það eru þau alls ekki alltaf og þá er hundurinn ekki sýningahæfur. Sheltie er með hærra hlutfall eineinstunga en flestar tegundir skv. sænsku Agria tölfraðinni – hundurinn ekki sýninga- eða ræktunarhæfur. Það er erfitt að rækta fallegan bláan lit og eingöngu má para tricolour við bláan. Blái liturinn má ekki vera flekkóttur eða skellóttur, heldur „vel brotinn“ og hreinn. Við sleppum því þá bara, eins og áður nefndar tölur bera vitni um! Gotin eru lítil þótt þau hafi sannanlega farið stækkandi hjá okkur og eru nú að meðaltali rétt undir fjórir hvolpar. Það erfiðasta er samt stærðin. Æskileg stærð tíka er 35,5 og rakka 37cm og óæskilegt að stærð fari yfir eða undir 2,5cm frá þessum mörkum. Yfir og undir þýðir að hundurinn er ekki sýningahæfur og við notum þessa hunda ekki í ræktun. Til gamans fór ég yfir hundana okkar og merkti út hverjir eru „í stærð“, og mér telst til að akkúrat helmingur falli innan rammans. Í þessu ljósi er í raun ótrúlegt hvað fólkið okkar er duglegt að mæta á sýningar og hve hlutfallslega margir hafa fengið meistaraefni á sýningum félagsins.

Skráningar á sýningum fóru upp á við á árinu og var 31 hundur skráður á nóvembersýningu félagsins, sem er met. Stigahæsti sheltie ársins í annað sinn var Moorwood Special Bookmaker, en hann átti einnig þann heiður að verða Besti Hundur Sýningar á deildarsýningu Fjár- og hjarðhundadeildar í júlí. Booker fékk titlana CIB, NORDICCh, ISCH og SECH á árinu. Stigahæsta tíkin var Island Shelties Everdeen og kláraði hún ISCH titil á síðustu sýningu ársins.

Aðrir hundar sem kláruðu sýningatitla voru ISCH Undralands Time Bomb, JunCh Bláfelds Karli og JunCh Undralands Dögg.

Einn hundur náði tvisvar sinnum einkunn á hlýðniþrófi 1 á árinu, Undralands Once Upon A Time.

28.02.2022

Lilja Dóra Halldórsdóttir

HRFÍ tengiliður Shetland sheepdog.

